

FRÁSÖGN

af ársfundi NATO-þingsins í Búkarest 6.–9. október 2017.

Ársfundur NATO-þingsins var haldinn í Búkarest dagana 6.–9. október sl. Af hálfu Íslandsdeildar NATO-þingsins sótti fundinn Lilja Alfreðsdóttir, varaformaður, auk Örnú Gerðar Bang ritara. Um 300 þingmenn frá 29 aðildarríkjum NATO og fulltrúar 13 annarra ríkja sóttu ársfundinn. Meginumræður fundarins fóru fram í fimm málefnanefndum þingsins á grundvelli skýrslna sem unnar voru af nefndarmönnum og fyrirlestra alþjóðlegra sérfræðinga um öryggismál. Þá var þingfundur haldinn þar sem fjallað var um þau mál sem hæst ber í alþjóðlegri öryggis- og varnarmálaumræðu og kosið um ályktanir og ákvarðanir þingsins. Helstu umræðuefni fundarins voru kólnandi samskipti NATO og Rússlands, baráttan gegn hryðjuverkaógninni, átökin í Sírylandi og eldflaugavarnir. Einnig fór fram umræða um flóttamannavandann, hervæðingu samfélagsmiðla og aukið samstarf við Evrópusambandið, auk þess sem skýrsla um efnahagslegar afleiðingar loftslagsbreytinga á norðurslóðum var samþykkt.

Á fundi stjórnarnefndar NATO-þingsins var m.a. tekin ákvörðun um starfsemi og helstu viðfangsefni NATO-þingsins fyrri hluta árs 2018. Áhersla verður m.a. lögð á samstarf og stefnu um opnun fyrir ný aðildarríki, spillingu og áhrif hennar á öryggi ríkja og öryggismál og samskipti þvert yfir Atlantshaf. Þá fór fram umræða um samskipti NATO-þingsins við rússneska þingið og voru nefndarmenn sammála um að halda samskiptum við Rússa óbreyttum þó áhersla hafi verið lögð á mikilvægi þess að samræður ættu sér stað milli Rússa og NATO-þingsins.

Stjórnmalanefnd fjallaði um þrjár skýrslur á fundum sínum. Sú fyrsta fjallar um áskoranir úr suðri og hvernig NATO geti betur deilt ábyrgð sinni og uppfyllt gefin loforð. Önnur skýrslan tekur fyrir málefni Rússlands, frá félaga til keppinautar og sú þriðja beinir sjónum sínum að öryggismálum á norðurslóðum. Þá fjallaði varnar- og öryggismalanefnd NATO-þingsins um drög að tveimur skýrslum á fundi sínum. Sú fyrri fjallaði um geimvarnir og sú síðari um aukið samstarf NATO og Evrópusambandsins.

Efnahagsnefnd NATO-þingsins fjallaði í skýrslum sínum um efnahagsleg umskipti á Vestur-Balkanskaga og varnarmál Evrópu. Þá samþykkti nefndin skýrslu Lilju Alfreðsdóttur um efnahagsleg áhrif loftslagsbreytinga. Bandaríkin eitt aðildarríkja greiddi atkvæði gegn samþykkt skýrslunnar. Lilja lagði áherslu á að hlýnun jarðar ætti sér stað hraðar en margir vísindamenn spáðu fyrir um og hopun hafðissins á norðurslóðum væri umtalsverð. Brynt væri að ríki heims ynnu markvisst að því í sameiningu að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum og stæðu við þær skuldbindingar sem felast í Parísarsamkomulaginu.

Þá sagði Lilja áhrif loftslagsbreytinga margvíslegar og ekki með öllu ljóst hverjar afleiðingarnar verða. Þær munu með beinum eða óbeinum hætti hafa áhrif á efnahag heimsins. Fram kemur í skýrslunni að kostnaður fylgi því að bregðast við loftslagsbreytingum en það sé mikilvægt fyrir þjóðir heims að fjárfesta í þeirri tækni sem muni leiða til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Nefndarmenn voru sammála um að áhrif loftslagsbreytinga væru öryggis- og varnarmál, meðal annars vegna hækkunar yfirborðs sjávar, óstöðugleika í Mið-Austurlöndum vegna þurrka og svo aukins aðgengis að náttúruauðlindum á norðurslóðum. Lilja var jafnframt kjörinn skýrsluhöfundur nefndarinnar.

Hinn eiginlegi þingfundur NATO-þingsins fór fram 9. október sl. þar sem tignargestir fluttu ávörp og svöruðu spurningum fundarmanna. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Paolo Alli, forseti NATO-þingsins, Calin Popescu-Tariceanu, forseti rúmenska þingsins, og Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri NATO. Alli lagði í máli sínu áherslu á mikilvægi samstöðu aðildarríkja NATO á tímum fjölmargra öryggisáskorana vegna hryðjuverkastarfsemi og óstöðugleika suður af Evrópu og óvinveittrar afstöðu Rússlands í austri. Hann sagði stjórnvöld í Rússlandi leitast við að styrkja ítök sín á norðurslóðum, í Mið-Austurlöndum og á svæðinu frá Austur-Evrópu og Vestur-

Balkanskaga til Asíu. Auk þess sem þau leitist við að stjórna sviði stjórn mála og fjölmiðla í Rússlandi.

Í máli sínu lagði Stoltenberg áherslu á mikilvægi þess að NATO ætti samræður við þjóðþing aðildarríkjanna og almenning og að tryggt væri að fjárframlög til varnarmála yrðu samþykkt svo bandalagið byggi yfir þeim tækjum sem nauðsynleg væru til að takast á við verkefni sín. Þá kom fram stuðningur nefndarmanna við stefnu bandalagsins um opnun fyrir ný aðildarríki, þ.e. fyrir ríki Vestur-Balkanskaga sem sækjast eftir aðild að NATO. Jafnframt var rætt um áhrif loftslagsmála á norðurslóðum í ljósi skýrslu Lilju og nauðsyn þess að styrkja eldflaugavarnir vegna kjarnorkutilrauna Norður-Kóreu og óvissu með skotflaugaáætlu Írans.

Vorfundir NATO-þingsins fara fram í Varsjá 25.–29. maí nk. Frekari upplýsingar fást hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.nato-pa.int.